

Brjef stjórnarráðsins til biskups um embættislán handa Vatnsfjarðarprestakalli. 38

13. marz

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 15. f. m., og beiðni hlutadeiganda, veitir stjórnarráðið samþykki sitt til þess að presturinn að Vatnsfirði, præp. hon. sjera Páll Ólafsson, taki uppá prestakallið 4000 kr. embættislán, sem endurborgist með jöfnum afborgunum á 24 árum frá lántöku í lengsta lagi, til þess að koma upp á prestssetrinu íbúðarhúsi úr timbri, 16 álna löngu, 12 álnir á breidd, einlyptu með góðu porti og kvisti, með kjallara steinlimdum eða steinsteyptum undir, og að öðru leyti með þeim útbúnaði og herbergjaskipun, sem ræðir um í brjefi yðar, gegn því að niðurfalli baðstofa, bæjar-dyrhús, búr, eldhús og skemma, sem nú fylgja staðnum.

Að öðru leyti er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að presturinn haldi húsinu í brunavátryggingu fyrir 8000 kr. að minnsta kosti, undir eptirliti prófasts, að hann eða bú hans skili því á sínum tíma sem öðru jarðarhúsi í gildu standi eða með fullu álagi, og að eigi verði tekið meira en helmingur af láninu fyr en húsið er fullgjört og sannað er með löglegri skoðunargjörð að húsið sje í áskildu standi. Lánið getur eigi fengizt úr landssjóði.

Þetta er yður hjermed til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á uxum. 39

21. apríl

Stjórnarráðinu hefur frá frakkneska konsúlnum hjer í bænum borizt beiðni um, að leyft verði að flytja 11 uxa hjer á land úr frakkneska herskipinu »Lavoisier«, sem verður hjer við land í sumar og geyma þá í þartil gerðum skúr á lóð frönsku flotamálastjórnarinnar, unz þeim verði slátrað.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Suður- og Vesturömtunum um þetta mál, hefur stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. f. á., veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. Að nefndur dýralæknir eptir að hafa skoðað uxana um borð í skipinu, finni ekkert að athuga við heilbrigði þeirra.

2. að þeir sjeu fluttir beint upp að frönsku lóðinni og geymdir þar í þartil gerðum skúr, komi eigi saman við aðra gripi og sjeu hirtir af sjerstökum manni, sem ekki fæst við hirðing á öðrum gripum, og

3. að þeir verði fluttir beint þaðan útá herskipið til slátrunar.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermed til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að frakkneska konsúlnum hefur verið tilkynt hjedan það sem með þarf í þessu efni.

5. dag maímánaðar 1906.

Reykjavík. Isafoldarprentsmiðja.